

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 157/2022

frá 29. apríl 2022

### um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1239 frá 20. júní 2019 um að koma á sameiginlegri gátt fyrir siglingar í Evrópu og um niðurfellingu á tilskipun 2010/65/ESB <sup>(1)</sup>.
- (2) Reglugerð (ESB) 2019/1239 fellir úr gildi frá og með 15. ágúst 2025, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB <sup>(2)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 15. ágúst 2025.
- (3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 56I (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB):

„56Ia. **32019 R 1239**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1239 frá 20. júní 2019 um að koma á sameiginlegri gátt fyrir siglingar í Evrópu og um niðurfellingu á tilskipun 2010/65/ESB (Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 64).

Texti reglugerðarinnar skal, að því er samning þennan varðar, aðlagður sem hér segir:

Að því er EFTA-ríkin varðar, skal 2. mgr. 11. gr. og skýrslugjöfin fyrir tolla sem tilgreind er í 7. lið A-hluta viðaukans, ekki gilda.“

2. Texti liðar 56I (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB) fellur brott frá 15. ágúst 2025.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 64.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 2019/1239, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.